Stærð hússins: L 3.45 m. br. 2.80 m. h. 2.20 m. ris 0.6 m.	
A. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	8.100.-
B. Skúrinn er úr timbri aljárnvarinn, byggður eins og húsið. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús, veggfóðrað. Útisalerni.	
Stærð skúrsins: L 5.0 m. br. 2.0 m. h. 2.10 m. skápak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	<u>2.100.-</u>
<u>Samtals krónur</u>	<u>10.200.-</u> ✓

Gata og númer: Balbókampur 7 V/ Kleppsveg

Möt framkvæmd: 5/3/1954.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð með valmapaki, byggt úr timbri á steinsteypnan grunn, járnklætt og múrhúðað utan, klætt innan masonit og með paki úr timbri pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., anddyri, innri forstofa og fjórfaldur fastur skápur, allt málað og dúklagt. Ænn- fremur kolamiðstöðvarklefi og geymsla. Pakhæðin ónothæf.

Stærð hússins: L 6.2 br. 8.0 h. 2.7 ris 1.0 = 158.72 m³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

53.500.00

Gata og númer:

Kleppsvegur, Norðurlás.

Möt framkvæmd: 1/2/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr samanbjappaðri mold og mál með eternitþaki á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf og grunnur er undir húsinu. Innan á útveggjum er plankagrind með þiljum innan á. Skilveggir eru úr bindingi með tvöföldum þiljum. Þiljað er neðan á loftbita, sem hvíla á vegglofjum úr plönkum. Allt er húsið strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað innan, nema geymsluklefinn. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, steypibaðklefi m/v.s., fataakápur, anddyri gangur og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 6.5 m. h. 2.6 m. ris 1.2 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	27.390.-
<p>b. Geymsluhús, áfast við íbúðarhúsið úr bindingi, klætt utan með borðum og múrhúðað á vírnet. Þar er eternitþak á pappa og borðasúð. Steinsteypugólf er í húsinu og allt er það þiljað innan og múrhúðað. Þar er þvottaherbergi og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 4.0 m. h. 2.0 m. ris 0.5 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	2.650.-
<p>Samtals</p>	<p>30.040.-</p>

Gata og númer:

KLEPPSVEGUR (gegn D. A. S.)

Dorgrímur Dorgrímsson

Möt framkvæmd: (30/9/1957.) (15/12/1959) 28/2/1963.	Metið kr.
<p>Ný vörugeymsla, 1 hæð, stálgrindarhús á steinsteypum grunni með steinsteypum veggjum ca. 1.7 m. á hæð, óeinangrað, en klætt að utan með bárujárni og bogapak úr bárujárni.</p> <p>Í vörugeymslunni er rafmagn og upphitun er frá rafmagnsöfni.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 20.00 m. Br. 9.0 m. H. 6.2 m. = 900.00 m³</p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á Kr. 180.000.00</p>	
<p><u>Virt 15/12/1959.</u></p> <p>Frá síðasta mati, 30.9.1957, hefur verið sett plastverksmiðja í austurenda skemmunnar. Þar eru föst skilrúm úr samsteini, timburloft, timburloft og föst hólf fyrir efnisgeymslu.</p> <p>Í hinum hluta skemmunnar hefur verið sett herbergi úr timbri.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 20.0 m., br. 9.0 m., h. 6.2 m., = 900.0 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á kr. 405.000.-</p>	
<p><u>Virt 28/2/1963.</u></p> <p>A: Vöruskemma 1. Frá síðasta mati hefur sú breyting verið gerð, að sett hefur verið loft í 5/6 hluta skemmuflatar. Ennfremur er í austurenda verksmiðja, varmaplast. Þar eru skilrúm, klæðningar, kaffistofa, v. s. með tilheyrandi, og tilheyrandi verksmiðjunni er 5 1/2 m. há síló, 5 m. breitt úr trégrind klædd neti, svo er upphitun, ketill, olfukyndingartæki og loftkanalar úr blikki.</p> <p>B: Skemma 2. Ný vörugeymsluskemma, byggð úr stálgrind, á steinsteypum grunni og sökklum, klædd bárujárni. Timburloft á stál uppistöðum er í 1/2 skemmunni, hlaðinn gafl, óupphituð, en einangruð á veggjum að hálfum hluta.</p> <p>Stærð skemmanna:</p> <p>A: L. 20.0 m., br. 9.0 m., h. 6.2 m. = 900.00 m³. kr. 559.000.-</p> <p>B: " 30.00 " " 12.0 " " 6.2 " = 2.232.00 m³. " 558.000.-</p> <p>Skemmurnar, ásamt tilheyrandi eru virtar á kr. 1.117.000.-</p>	

Gata og númer:

KLEPPSVEGUR, gegnt D. A. S. I. Brynjólfsson & Kvaran.

Möt framkvæmd: 15/12. 1957.		Metið kr.
<p>Ný vörugeymsla, 2 skemmur, stálgrindarhús á steinsteiptum grunni og sökklum, einangraðar með timbri og texti að boganum, klæddar að utan með bárujárni og með bárujárnsþaki.</p> <p>Skemmurnar eru ósundurhólfaðar frá gólfi upp í þak, þær eru gluggalausar. Engin upphitun.</p> <p>Stærð skemmanna:</p>		
L.	27.61 m. Br. 10.5 m. H m. 2.7 m. = 782.73 m ³ .	Metin á kr..... 156.500. -
"	27.61 m. " 10.5 m. " 2.7 m. = 782.73 m ³ .	Metin á kr..... 156.500. -
		Samtals kr. 313.000. -
<hr/>		
Virt 15/12/1959.		
<p>Eru nýjar vörugeymslur, ein hæð, byggðar úr stálgrind á steinsteiptum grunni og sökklum, einangrað með texti og timbri, klætt utan með bárujárni og með þaki úr bárujárni.</p> <p>Á hæðinni eru 2 skemmur jafnstórar, annars ósundurhólfaðar.</p> <p>Stærð hússins:</p>		
C.	L. 27.61 m., br. 10.5 m., h. 2.7 m., = 782.73 m ³kr	180.100. -
D.	" 27.61 " " 10.5 " " 2.7 " = 782.73 m ³kr	180.100. -
Húsið með tilheyrandi er metið á.....		Alls kr. 360.200. -

Gata og númer: KLEPPSVEGUR, gegnt Dalbraut, biðskyli Snorra Guðlaugssonar.

Möt framkvæmd: 20/4/1959.	Metið kr.
<p>Er nytt hús, notað sem sölu- og biðskyli, ein hæð, byggt ur timbri, einangrað með steinull, og með þaki ur timbri, pappa og bárujarni.</p> <p>A hæðinni er sölu- og biðskýli, v. s. og handlaug og 1 geymsla. Rafmagns-upphitun.</p> <p>Stærð hússins: L. 7.0 m., br. 3.0 m., h. 3.0 m. = 63.00 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á Kr.</p>	<p>95.000.-</p>

Gata og númer:

Kleppsvegur, Melstaður.

Möt framkvæmd: 21/6/1972. 31/10/1972	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klett utan með plögðum borðum og með pappa þar yfir á baki. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 5.8 m. br. 5.1 m. h. 2.6 m. ris 1.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>3.071.-v</p>
<p><u>Virt: 31/10/1972.</u></p> <p>Nú eru 3 íbúðarherbergi, eldhús hefur verið stækkað, 2 gangar, þvottahús og geymsla. Einfalt gler í gluggum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 5.80 m., br. 5.10 m., h. 2.60 m., ris 1.10 m. =</p> <p>" forstl. 3.5 m., br. 3.00 m., h. 2.60 m.,</p> <p>" viðb. 3.60 m., br. 3.35 m., h. 2.70 m. = 136.00 m³</p> <p>B: 3.40 m., br. 3.50 m., h. 2.70 m. = 32.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr.</p>	<p>394.000.-</p> <p>45.000.-</p> <p>439.000.-</p>

Ridd 1975

Gata og númer:

Kleppsvegur, Heiði.

Möt framkvæmd: 29/6/1946.	Metið kr
<p>Ibúðarskúr, byggður úr bindingi, klæddur utan borðum og sandpappa á veggjum og þaki. Innan á útveggjum er klætt trétexi á rimlagrind. Timburgólf er í skúrnum og klætt yfir asbesti og skilrúm eru klædd asbesti á timburbinding. Neðan á loftbita er klætt trétexi og allt limt innan með veggjapappír og gólf dúklögð. Rafmagnshitun er í skúrnum. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél og inngangur.</p> <p>Stærð skúrsins: L. 6.1 m. br. 3.2 m. meðalh. 2.6 m.</p> <p>" útskots: L. 3.3 m. br. 2.0 m. meðalh. 2.6 m.</p> <p>" viðbygg: L. 2.0 m. br. 2.0 m. h.1.8 m.</p>	
Skúrin, ásamt útskoti, viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....	15.500.-

Gata og númer:

Kleppsvegur, Heiði. (Lmbl. 26)

Möt framkvæmd: 21/11/1931. 97.6 ¹² / ₁₀ 56	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Undir grind hússins er steinsteypugrunnur og steinsteypugólf er undir timburgólfi hússins. Pappi er í útveggjabindingi og þiljur innan á honum. Skilveggir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljur eru neðan á loftbitum. Þiljurnar eru strigalagðar. Íbúðin er máluð ýmist eða veggfóðruð. Gólf er á loftbitalögum og er þaklyftið en ósundurhólfað og er notað til geymslu. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 5.0 m. h. 3.1 m. ris 2.7 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	7.062.-
<p>b. Geymsluskúr er við vesturgöfl hússins, úr bindingi, klæddur utan jární á langböndum. Þar er geymsluklefi, hæsnahús og salerni, hvortveggja þiljað innan og stoppað.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. br. 3.1 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	285.-
Samtals	7.347.-
<p>c. Raftækjaverkstæðishús, flutt af Sandvíkurvegi, en hefir aldrei áður verið virt til brunabóta. Það er 1 hæð og smáris, byggt úr timbri á steinaröð, klætt utan bárujární, en innan masonit og með þaki úr timbri og pappa. Þar er stór verkstæðissalur, 2 skrifstofur 2 geymslur og 2 útgangar á stólpum, annar fyrir bifreiðar. Skúrinn er áfastur geymslu, stafl B og innangengt í milli.</p> <p>Stærð hússins: L 11.4 m. br. 7.2 m. mh. 2.10 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>Staflíðir a. og b. voru samtals virtur á.....</p>	21.300.00
	7.347.00
Samtals krónur	28.647.00 ✓

Gata og númer:

K l e p p s v e g u r O d d s h ö f ð i

Möt framkvæmd: (1/10/1941) (29/9/1947) 30/9 1956. BÍlskúr 30/3/1964	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Allt er húsið þiljað innan með plögðum borðum, vírlagt og múrsléttað. Ibúðarherbergið er ýmist veggfóðrað eða málað. Grunnur undir húsinu og gólf þess er úr steinsteypu. I húsinu er íbúðarherbergi, geymsluherbergi, hesthús, salerni og anddyri.</p> <p>Stærð: L 6.0 m. br. 4.0 m. h. 2.7 m. ris 0.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>6.010.00 =====</p>

<p>29/9/1947</p> <p>Húsið hefir frá síðasta mati 1. okt 1941 verið stækkað og allmikið endurbætt. Viðbótin er byggð úr bindingi, klætt utan timbri og pappa og járnklædd á veggjum og þaki. Innan á útveggjum er spónasteypa og múrhúðað yfir á loft og vegg, Skilrúm eru úr timbri og múrhúðað yfir, allt málað og með dúkum á gólfum. I husinu eru nú 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri, gangur og baðherbergi m/v.s. Smákjallarahola er undir húsinu og þar er þvottaherbergi og miðstöðvarketill til hitunar með kolum</p> <p>Stærð hússins: L 8.0 m. br. 6.0 m. h. 2.6 m. ris 1.8 m.</p> <p>" útskots: L 5.8 m. br. 3.3 m. h. 2.6 m. ris 1.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>70.800.00 =====</p>
<p><u>Virt 30/9 1956.</u></p> <p>B. Húsið er að öllu leyti óbreytt frá því síðasta mat fór fram, utan þess að reistur hefur verið bílskúr við húsið. Bílskúrin er byggður úr asbestklæddri trégrind með bárujárnsþaki og er ósundurhólfaður og óupphitaður.</p> <p>Stærðir bílskúrsins eru, sem hér segir:</p> <p>L. 6.50 m. Br. 3.95 m. H. 2.50 m. = 64.17 m³</p> <p>Bílskúrin, ásamt tilheyrandi, er metinn á kr. 19.300.00</p> <p>A. Virt 29/9 1947, óbreytt síðan, á kr. 70.800.00</p> <p style="text-align: right;">Kr. 90.100.00</p>	
<p><u>Virt 30/3/1964.</u></p> <p>A. Húsið er óbreytt frá síðasta mati, en óskast metið til hækunar með til-liti til breytts verðlags. B liður óbreyttur og óskast ekki endurmetin síðan</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 8.0 m. br. 6.0 m., h. 2.6 m., ris 1.8 m.</p> <p>L. 5.8 m., br. 3.3 m., h. 2.6 m., ris 1.8 m. = 229.5 m³.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi er virt á kr. 322.000.-</p>	

Gata og númer:

Kleppsvegur, Sjaland. (LmbL. 20)

Möt framkvæmd: 21/11/1933.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með lágu risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Í anddyri og eldhúsi eru þiljurnar vírlagðar, múrsléttar og málaðar, en stofurnar, bæði veggir þeirra og loft er strigalagt og allt ýmist veggfóðrað eða málað. Gólf og skilveggir eru úr steinsteypu. Loft er úr járnþenti steinsteypu. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri.</p> <p>Stærð: L. 8.8 m. meðalbr. 7.2 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>11.178.4</p>

Gata og númer:

Kleppsvegur, Vikurhús. (Lmbl. 27)

Möt framkvæmd: 21/12/1938.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr vikursteini, útveggir tvíhlaðnir og þak úr vikurplötum með asfaltþappa, sandstráðum þar yfir. Loft yfir aðalheðinni og kjallaranum er úr járnbentri steinsteypu. Skilveggir aðalheðarinnar eru úr vikursteini og 811 er hún múrsléttuð innan og máluð. Þar eru 7 íbúðarherbergi, eíðhús, baðherbergi m/v.s., gangur og anddyri. Kjallari er undir nokkrum hluta hússins. Þar eru 2 geymaherbergi, miðstöðvarherbergi, þvottahús og gangur. Húsið er múrhúðað utan.

Stærð hússins: L. 16.0 m. br. 8.0 m. h. 2.7 m. ris 1.3 m.

" útskots: L. 3.8 m. br. 1.2 m. h. 2.7 m. ris 0.8 m.

" do. L. 3.8 m. br. 1.2 m. h. 2.7 m. ris 0.8 m.

" kjallara: L. 6.3 m. br. 9.2 m. h. 2.1 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virtá.....

30.650.-

Gata og númer:

Kleppsvegur, Egissíða, (Vatnagbl. 2.)

Möt framkvæmd: (21/1/1940.) ¹ /11.1942	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- og gripahús, einlyft, með ris og kjallara, úr steinsteypu, með hellubaki á borðasíðu. Í húsinu eru 2 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallara-gólf og skilveggir úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum íbúðarinnar er borðagrind með pappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á og öll íbúð hússins er múreléttuð og máluð innan. Parket er á stofugólfum. Vikurplötur eru innan á útveggjum gripahúsanna. Í aðalherbergi eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/v.s., fataklefi, skáli, anddyri og fóðurherbergi. Í kjallaranum er fjós með 2 kúabásum, 2 fuglaherbergi, geymsluherbergi, þvottaherbergi, heygeymsla og gangur. Gólf íbúðarinnar eru öll lögð brennistöfum. Húsið er múrhúðað utan. Steyptur pallur er utan dyra.</p>	
Stærð: L. 11.1 m. br. 8.1 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.1 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	87.350.-
b. Svínahús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og járn á veggjum og þaki. Steinsteypugólf er í húsinu. Allt þiljað innan og stoppað í binding.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 5.0 m. h. 2.0 m. ris 0.9 m.	
Húsið, er virt á.....	2.170.-
Samtals	89.520.-✓

Möt framkvæmd: 29/4/1952.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn múrhuðað utan, klætt innan að hálfu gosull og að hálfu tjörupappa og texti og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og stór fastur skápur, 3 herbergin veggfóðruð og máluð, hitt múrhuðað og málað, allt dúklegt; ennfremur kolamiðstöðvarklefi. Þakhæðin er ónothæf. Áfastur er geymsluskúr úr timbri, múrhuðaður utan, með steinsteyptu gólfi, óinn-
réttaður.

Stærð hússins	: L 12.0 br. 5.0 h. 2.8 ris 1.2	= 204.00 m ³
" inng.skúrs:	L 1.3 br. 1.3 mh. 2.7	= 4.56 m ³
" geymslu	: L 2.3 br. 1.2 " 2.5 skápak	= 6.90 m ³
		<u>215.46 m³</u>

Húsið, ásamt inngönguskúr, geymslu og tilheyrandi, er virt á.....

107.700.00

Möt framkvæmd: 26/11/1953.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á hlaðinn grunn, klætt utan bárujárni, fóðrað innan steinull og texti og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, forstofa og gangur allt málað og dúklagt. Þakhæð ónothæf.

Stærð hússins	: L 7.9 br. 5.0 h. 2.4 ris 1.5	= 126.40 m ³
"	viðbyggingar: L 4.0 br. 3.0 h. 2.5 skápak	= 30.00 m ³
		<u>156.40 m³</u>

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á..... 62.600.00

Gata og númer:

Kringlumýrarvegur, Kringlumýrarblettur 8

Möt framkvæmd: (8/11/1951.) 30/10 1954	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steingrunn, timburklætt utan, fóðrað innan glerull og með þaki úr timbri og pappa. Á hæðinni er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. m/handlaug og forstofa, allt málað og dúklagt. Smákjallarahola er grafin niður í grunninn og steinsteipt og er þar kolamiðstöð. Á þakhæð er smágeymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 6.0 m. br. 4.1 m. h. 2.3 m. ris 0.9 m. = 68.88 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>24.100.00 ✓</p>
<p>Hefir frá síðasta meti 8 nóv. 1951 verið stækkað úr timbri og sett járn á þakið, þar er 1 herbergi, stækkað baðherbergi og forstofa, allt húsið málað innan og dúklagt, en ójárnvarðir veggir.</p> <p>Ibúðarhús : L. 6.0 m. Br. 4.1 m. H. 2,3 m. ris 0.9 m. = 136.30 m³</p> <p>Viðbygg. : L. 5.6 m. Br. 4.3 m. H. 2.3m. ris 0.9 m.</p> <p>Húsið með viðbyggingu og tilheyrandi er metið á</p>	<p>kr. 75.000.00</p> <p>Kr. 75.000.00</p>

Gata og númer:

Kringlumýrarvegur, Fagradalur. (Krimbl. 10)

Möt framkvæmd: (21/11/1930.) 15/5/1953.

Metið kr.

Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og anddyri. Í útveggjabindingi eru 2 pappalög með listum á milli. Skilveggir eru úr binding og þiljað er með panelborðum innan á útveggjabinding og neðan á loftbita, allt lagt striga og vélapappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Þaklyftið er ósundurhólfað, en gólfborð eru á bitalögum. Þar uppi er þurkloft. Milligólf er í báðum bitalögum hússins, með pappa og sagspónastoppi á milli gólfanna. Kjallari er úr steinategpu, bæði útveggir, skilveggir og gólf. Þar er þvottaherbergi og 2 íbúðarherbergi, eldhús, með samskonar frágangi eins og er á aðalheðinni. Steinategputröppur eru við vesturgafi hússins og undir þeim er gangur inn í kjallarann, sem er múrhúðaður utan. Stærð: L. 6.3 m. br. 6.9 m. h. 3.0 m. ris 2.0 m. kjh. 2.1 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

10.405.-

Virt 15/5/1953.

Húsið hefir tekið þeirri breytingu frá síðasta mati 21. nóvember 1930, að byggt hefir verið við það og kvistur settur á það úr sama efni og húsið og aljárnvarið. Nú eru á hæðinni 2 íbúðarherbergi, eldhús, forstofa múrhúðuð m/v.s., stofa veggfóðruð, hitt málað, allt dúkklagt. Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, baðherbergi m/keri og v.s., stigaforstofa og 2 fastir skápar, allt málað og dúkklagt; ennfremur geymsla. Í kjallara er 1 íbúðarherbergi málað og dúkklagt, þvottahús m/kolamiðstöð, geymsla og kolageymsla undir tröppum.

Íbúðarhús : L 6.3 br. 6.0 h. 2.8 ris 3.0 kj. 2.2 = 245.7 m³Viðbygging: L 4.5 br. 2.7 h. 3.8 ris 2.0 kj. 2.2 = 85.05 m³330.75 m³

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

181.900.00

Gata og númer:

Kringlumýrarvegur, Finnbogahús. (Arabi.)

Mót framkvæmd:	Metið kr.
Mót framkvæmd: 10/9/1918. b. og c. virt 20/12/1949.	
a. Íbúðarhús, úr grásteini, með járnþaki á borðasúð. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í ris hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð og framloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi. Eitt af þeim er þiljað innan.	
Stærð: L. 6.5 m. br. 5.7 m. h. 1.7 m. ris 2.5 m. kjh. 2.2 m.	
Inngönguskúr er byggður úr binding, klæddur utan með borðum og járn.	
Stærð: L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.2 m. skápak.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	10.432.-
b. Hesthús er við vesturgöfl íbúðarhússins, úr steini, með járnþaki á súð.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 5.7 m. h. 2.1 m. skápak.	
Hesthúsið er virt á.....	1.008.-
c. Við austurgöfl íbúðarhússins er heyhlaða, úr grásteini að neðan, en binding að ofan, klæddum utan borðum. Þar er járnþak á langböndum.	
Stærð: L. 5.7 m. br. 5.7 m. h. 3.8 m. ris 1.3 m.	
Hlaðan er virt á.....	2.268.-
Samtals	13.708.*
Virt 20/12/1949. b. og c.	
Viðbygging við stafl <u>c.</u> , trésmíðaverkstæði, 1 hæð og valmaris, byggð úr timbri á steinsteyptan grunn, pappklædd utan, fóðruð innan spónastoppi og trétexi og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar eru á hæðinni vélasalur v.s. og 2 stórar bifreiðadyr. Í risinu er timburklæðning og er þakrymið sundurhólfað notað til timburgeymslu.	
Stærð viðbyggingar: L 10.0 m. br. 8.0 m. h. 2.9 m. ris 1.5 m.	
C. Viðbygging, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur	28.800.-
Stafl B og C, hesthús og hlaða hafa verið rifin, en innan í og ofan á steintóptina byggt bekkjaverkstæði og er grindin úr timbri, klædd innan trétexi og loftþéttum pappír með járnklæddu timburþaki yfir, loft er úr timbri; ósundurhólfað og notað til trésmíða; upphitun er frá límfni.	
B. Stærð: L 8.7 m. br. 5.6 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m.	
Trésmíðaverkstæðið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... "	29.800.-
Ólafur Þórðarson er eigandi steintóptarinnar, ásamt stafl A.	
Stafl A, íbúðarhúsið var virt 10. september 1918 á..... "	10.432.-
Samtals krónur	69.032 ✓

Gata og númer:

Möt framkvæmd:

Metið kr.

A virt 15/3/1954.

Mús Ólafs Þórðarsonar, Finnbogahús við Kringlumýrarveg, Arablettur, br. nr.: 592, stafl. A, sem óskast metinn, er óbreytt og hefir verið vel við haldið.

A. Íbúðarhús: L. 6,3 m., Br. 5,7 m., H. 1,7 m., Ris 2,5 m., Kj. 2,2 m., =	183,14 m ³
" Inngönguskúr: L. 1,9 m., Br. 1,9 m., H. 2,2 m., skápak. =	7,94 m ³
	<hr/>
	191,08 m ³

Húsið með inngönguskúr og tilheyrandi er metið á Kr. 97.500,-

Gata og númer:

Kringlumýrarvegur, Helgadalur. (Krlmbi. 7)

Möt framkvæmd: 21/9/1928.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með risi, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og bárujárni. Í aðalheðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi, fataherbergi, anddyri og gangur. Gólf og loft er úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir allir úr venjulegri steinsteypu, múrsléttadir. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á, lögðum striga og vélapappír og öll er hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í þaklyfti er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólf og skilveggjum er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Allt þetta er með samskonar frágangi eins og er á aðalheð hússins. Ennfremur er í kjallaranum þvottaherbergi og geymsluherbergi. Steinsteyputröppur eru við húsið og undir þeim er inngangur í aðalkjallarann. Stigar eru úr tré. Húsið er allt sementssléttað utan.</p> <p>Steró: L. 9.5 m. br. 8.3 m. h. 2.9 m. ris 3.2 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>26.629.-✓</p>

Möt framkvæmd: 16/1/1950.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, asbestklætt utan, klætt innan texti og pappa og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Þar er 1 íbúðarherbergi og eldhús, málað og dúklagt og ómáluð forstofa, miðstöðvar-eldavél er í húsinu.</p>	
Stærð hússins: L 5.0 m. br. 5.3 m. h. 2.4 m. ris 1.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....Krónur	20.700.-
Geymsluskúr er á lóðinni, byggður úr timbri, ójárnvarinn, aðeins pappaklæddur utan og ósundurhólfaður.	
Stærð skúrsins: L 6.3 m. br. 2.3 m. h. 2.3 m. skápak.	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....krónur	1.800.-
<u>Samtals krónur</u>	<u>22.500.-</u>

Gata og númer: Kringlumýri (B-gata 11)

Möt framkvæmd: (12/4/1949.) 30/6 1954	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, pappaklætt utan, einangrað með hefilsþónastoppi og texti og með þaki úr timbri og járni að nokkru og pappa að nokkru leyti. Í því eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, forstofa og geymsla herbergin veggfóðruð, hitt málað, sumt dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Stærð hússins: L 7.1 m. br. 5.2 m. h. 2.3 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>24.600.-</u> v</p>
<p>Óbreytt frá síðasta mati 12. apríl 1949, en umbett innanhúss að ýmsu leyti.</p> <p>Ibúðarhús : L. 7.1 m. Br. 5.2 m. H. 2.3 m. ris 1.3 m. = 107.06 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>kr. 51.400.00</p> <p><u>Kr. 51.400.00</u></p>

Gata og númer:

K r i n g l u m ý r i (B-gata 13)

Möt framkvæmd: (5/7/1949.) 24/5-1949 15/4 1956.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri, klætt utan asbesti, en innan korki, og spónasteypu og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni, sumt sléttu járni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, forstofa, veggfóðrað og málað og dúklegt, nema panelklætt eldhúsið. Utisalerni. Þakhæð ónothæf.</p> <p>Stærð hússins: L 8.35 m. br. 6.20 m. h. 2.20 m. ris 0.70 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á krónur.....<u>Krónur 33.700.-</u> ✓</p>	
<p><u>Virt 15/4 1956.</u></p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 24. maí 1949.</p> <p>Ibúðarhús: L. 8.35 m. Br. 6.20 m. H. 2.2 m. ris 0.7 m. = 134.60 m³</p> <p>Inng. skúr: L. 2.2 m. Br. 1.8 m. H. 2.2 m. ris 0.6 m. = 9.90 m³ Alls 144.50 m³</p> <p>Húsið, með inngönguskúr og tilheyrandi, er metið á kr. <u>99.700.00</u></p>	

Gata og númer:

Kringlumýri. (D-gata) 32

Möt framkvæmd: 2/1/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr timbri, múrhúðað utan með skel og með jarnbaki á súð.</p> <p>Far eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og forstofa, allt þiljað og ýmist veggfóðrað eða málað innan. Inngönguskúr er við húsið, byggður eins og það.</p> <p>Stærð íbúðarhússins: L. 5.0 m. br. 6.0 m. h. 2.2 m. ris 0.9 m.</p> <p>" inngönguskúrs: L. 1.2 m. br. 1.8 m. h. 2.1 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>11.990.✓</p>

Gata og númer:

Kringlumýri. (G-gata)

Möt framkvæmd: 1/5/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr timbri, járnvarið. Það er hólfað í tvennt með trégólfu.</p> <p>Húsið er tvídyrað. Það er allt þiljað, þappalagt og málað innan. Dúkar eru á öllum gólfum.</p> <p>Stærð aðalhússins: L. 4.0 m. br. 2.6 m. h. 2.2 m. ris 0.7 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 2.3 m. br. 1.7 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	3.440.4

Gata og númer:

Köllunarklettsvegur, Klettur.

Möt framkvæmd: 25/9/1924.	Metið kr.
<p>Geymslu- og íbúðarskúr, úr bindingi, klæddur utan með borðum og pappa á veggjum og með pappa á milli. Þar er geymsluherbergi og íbúðarherbergi, sem er þiljað innan með panel og málað.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 5.0 m. h. 3.0 m. ris 0.6 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	<p>6.370.✓</p>

Gata og númer:

Lágholtsvegur, Dvergasteinn.

Möt framkvæmd: 21/5/1929.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, einlyft, með risi, úr binding, klætt utan borðum, pappa óg jární á veggjum og þaki. Í aðalhæð þess eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s. og anddyri. Í útveggjabinding er pappalag og allt er húsið þiljað innan og neðan á loftbita, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 6.3 m. br. 5.7 m. h. 3.0 m. ris 1.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>5.310.✓</p>

Gata og númer:

L á g h o l t s v e g u r, S t e i n a r.

Möt framkvæmd: 25/9/1924.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, byggt í bæjarstíl, hliðveggir úr grásteini og suðurgafli upp að gluggum, en norðurhlið og efri hluti suðurgafls eru byggðir úr bindingi, klæddir utan borðum, pappa og jární. Þannig er þakið einnig byggt. Í súð og útveggi er fyllt með marhálmi á milli þilja. Í bænum eru 2 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, veggróðrað og málað. Kjallari er undir bænum til geymslu.</p>	
Stærð: L. 5.6 m. br. 4.7 m. h. 2.2 m. ris 1.5 m. kjh. 1.4 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	3.710.-
<p>b. Viðbygging er við austurhlið hússins, úr bindingi, klædd utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Þar eru 2 íbúðarherbergi og gangur, allt þiljað innan með panel og málað. Steinsteypugólf er undir timburgólfinu.</p>	
Stærð: L. 5.5 m. br. 3.6 m. h. 2.8 m. skáþak.	
Viðbyggingin er virt á.....	2.489.-
Samtals	6.199.-v

Gata og númer:

Lágholt s vegur, Sjávarborg.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr binding, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s. og 2 gangar. Allt er húsið þiljað innan og neðan á loftbita með panelþiljum. 2 herbergin eru strigalögð, veggfóðruð og máluð. Hin eru öll strokin með fernisolíu. Geymslukjallari er undir/1/3 hluta hússins. 1.4 m. Stærð: L. 5.7 m. br. 12.0 m. h. 2.4 m. ris 0.5 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	23.775.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður á sömu lóð úr binding, klæddur utan borðum, pappa og listum og með járnþaki á borðasúð. Stærð: L. 5.1 m. br. 2.9 m. h. 2.0 m. skáþak.</p>	
Skúrin er virtur á.....	1.350.-
	<p style="text-align: right;">Samtals =====</p>
	25.125.- ^v

Gata og númer:

Lágholtssvegur, Setberg.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, byggt að hliðveggjum til úr grásteini, en gafflar eru úr bindingi, klætt pappa, listum á þiljum og járn og með járnþaki á súð. Þar eru 2 íbúðarherbergi og 2 gangar. Allt þiljað, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr og geymsluklefi. Allt þiljað og málað.</p>	
<p>Stærð: L. 5.0 m. br. 5.0 m. h. 1.6 m. skáþak, kjh. 1.8 m.</p>	
<p>Viðbygging, úr timbri, járnvarin. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað og veggfóðrað og málað og andyri, þiljað og málað.</p>	
<p>Stærð: L. 3.8 m. br. 5.0 m. h. 2.4 m. skáþak.</p>	
<p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	14.520.-
<p>b. Inngönguskúr, úr bindingi, klæddur utan með borðum, pappa, listum og járn á veggjum og þaki.</p>	
<p>Stærð: L. 2.1 m. br. 1.9 m. h. 2.3 m. skáþak.</p>	
<p>Skúrinn er virtur á.....</p>	700.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	15.220. ^v

Möt framkvæmd: 2/8/1952.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð og ris, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, múrhúðað utan, klætt innan gosull og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklegt; ennfremur þvottahús og rafhitunarklefi. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla.

Stærð hússins : L 9.6 br. 7.4 h. 2.8 ris 1.9 = 269.95 m³

" viðbygg.: L 2.6 br. 5.0 mh. 3.5 skáþak = 43.75 m³

313.70 m³

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

94.600.00

Gata og númer:

Langhóltsvegur, Berg.

Möt framkvæmd: 21/6/1939.

Metið kr.

Ibúðarhús, byggt þannig, að austurendi þess er úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð, en vesturendi þess er úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í húsinu er 1 íbúðarherbergi, 2 vinnustofur, geymsluskápur og eldhús. Allt er þetta þiljað innan og eldhúsið lagt krossviðarplötum, en hin herbergin strigalögð og ýmist veggfóðruð eða máluð innan.

Stærð: L. 7.5 m. br. 5.0 m. h. 3.0 m. skápak.

Inngönguskúr er úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í honum eru 2 geymsklefar og gangur.

Stærð: L. 4.8 m. br. 2.2 m. h. 2.8 m. skápak.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

4.680.-

Gata og númer:

Langhóltsvegur 45.

Möt framkvæmd: 28/1/1946.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, einlyft, með geirarísi og kjallara að nokkru, byggt úr timbri, með þaki úr borðum, pappa og jarni. Loft er úr timbri. Innan á útveggjum er pappi og gólfborðaklæðning. Skilrúm eru tvöföld, klædd borðum og allt veggfóðrað hvað íbúð snertir. Í hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, baðherbergi m/v.s., anddyri og gangur og stigagangur í kjallara. Í kjallara, sem er undir nokkrum hluta þess er þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi og skósmíðavinnustofu. Húsið er slétthúðað utan og málað.</p> <p>Stærð hússins: L. 8.5 m. br. 6.9 m. h. 2.7 m. ris 1.4 m.</p> <p>" útskots: L. 4.5 m. br. 1.0 m. h. 2.7 m. ris 0.4 m.</p> <p>" kjallara: L. 6.9 m. br. 4.0 m. h. 1.8 m.</p>	
Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....	62.600.-

Möt framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Húsið er allt sementsléttað utan. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í og panelþiljum innan á. Skilveggir eru allir úr binding, með tvöföldum panelþiljum. Panel er einnig neðan á loftbitum. Allt strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 fastir skápar og gangur, allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í þaklyfti er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólf er undir öllu húsinu. Þar er miðstöðvarherbergi, þvottaherbergi, kolaklefi og 3 geymsluherbergi. Skilveggir eru allir úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 8.1 m. br. 7.5 m. h. 5.6 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	43.150.-
<p>b. Fjós og heyhlaða, úr bindingi, klætt utan með járn á langböndum, bæði veggir og þak. Fjósið er í suðurenda hússins og á þeim hluta þess er borðaklæðning og pappi undir járninu. Að innan er fjósið þiljað, með plögðum borðum, bæði loft og veggir. Stoppað er með sagspónum á milli þiljanna. Þar er steinsteypugólf. Í fjósinu eru 7 kúabásar úr timbri. Áburðarkjallari er undir ½ fjósinu úr steinsteypu, bæði veggir og gólf.</p> <p>Stærð: L. 8.0 m. br. 9.5 m. h. 5.3 m. ris 2.0 m. kjh. 2.0 m.</p>	
Fjósið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	17.650.-
<p>c. Griðahús, er við suðurgaflinn á litra b, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járn á veggjum og þaki. Allt er húsið þiljað innan á útveggi og neðan á þakbita og stoppað á milli þiljanna með sagspónum. Húsinu er skipt í tvennt með timburskilvegg í hæsnahús og fjós. Í fjósinu er steinsteypugólf og flór. Þar eru 8 kúa- og hestabásar, með jötum og milligerðum úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 12.3 m. br. 2.5 m. h. 3.2 m. skáþak.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	3.570.-
<p>d. Fjós, einlyft, með kjallara og lágu risi, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Fjósið er allt þiljað innan og neðan á loftbita, vírlagt og múrsléttað. Í húsinu er loft úr járnþetri steinsteypu. Þar eru 24 kúabásar. Milligerðir eru úr járnþípum, en jötur úr tré. Í kjallaranum er haughús og þvagþró.</p> <p>Stærð: L. 30.9 m. br. 9.6 m. h. 2.6 m. ris 2.0 m. kjh. 2.1 m.</p>	
Fjósið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	72.240.-
Samtals	136.610.-v

Langhellsvegur 163

Brunabóta nr. 3839

Fringjavegur
Langhellsvegur. (KjmbL. 14)

Gata og númer:

Möt framkvæmd: (1/9/1940.)26/4/1945.) 30/6/1950.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, ristum og járn á veggjum og þaki. Húsið er allt þiljað innan með trétex og sumt málað, en sumt lagt með vélapappír. Gólfdukur er á eldhúsgólfi. Í húsinu eru 2 íbúðarherbergi. Salerni er við húsið, byggt eins og það.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 3.7 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	8.040.- ^v
<p>a. Húsið er óbreytt frá síðasta mati (1/9/1940), en við það hefur verið byggð viðbygging, úr timbri, klædd utan með borðum og pappa, en járn á þaki, klædd innan með trétexi, pappírslímt og málað. Þar er inngangur og eldhús með rafeldavél. Kolavél er í eldhúsi, sem áður var og út frá henni hitalögn um húsið.</p> <p>Stærð aðalhússins: L. 10.0 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m.</p> <p>" viðbyggingar: L. 2.7 m. br. 2.0 m. h. 2.6 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	35.300.-
<p>b. 2 samanbyggðir hænsnaskúrar eru á lengdar frá húsinu, byggðir úr timbri, báðir með járn á þökum, en annar ójárnvarinn á hliðum.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 2.3 m. h. 1.9 m. skápak.</p> <p>" L. 1.9 m. br. 1.9 m. h. 2.1 m. skápak.</p> <p>Skúrararnir, ásamt tilheyrandi, eru virtir á.....</p>	1.900.-
Samtals	37.200.-
<hr/>	
<u>Virt 30/6/1950.</u>	
<p>Húsið er óbreytt, sjálft húsið frá síðasta mati 26. apríl 1945, nema hvað það hefir verið endurbætt að málningu, dökum o. fl., inngönguskúrinn, viðbyggingin, múrhúðaður og vatnsleiðsla endurbætt.</p> <p>A. Ibúðarhús : L 10.0 m. br. 3.8 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m.</p> <p>" Viðbygging: L 2.7 m. br. 2.0 m. h. 2.6 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	52.900.00
<p>B. Geymsluskúr hefir verið byggður, áfastur húsinu að norðan, úr timbri, múrhúðaður utan, með járnþaki og malargólfi, ósundurhólfaður.</p> <p>Stærð skúrsins: L 3.3 m. br. 2.2 m. h. 2.6 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	2.800.00
<p>C. Ný timburgirðing um lóðina: L 8.5 m. h. 1.0 m. Girðingin er virt á...</p> <p>Hænsnaskúrar, er voru á lóðinni, eru rifnir.</p>	5.100.00
Samtals krónur	60.800.00^v

Gata og númer:

Langhóltsvegur, Rörsteypan.

Möt framkvæmd: 15/5/1946.	28/1-1947. stafl. d.	Metið kr.
<p>a. 2 sambyggðir setuliðsskálar, með millibyggingu, notaðir fyrir rörasteypu Golf eru steyppt, en grind úr járni og klætt yfir með bárujární. Innanvert er klætt með asbesti.</p> <p>Áfast við skálanna er ketilhús, byggt á sama hátt, en ekki klætt trétexi að innan.</p> <p>Stærð aðalhússins: L. 30.6 m. br. 10.0 m. h. 4.0 m.</p> <p>" viðb.m/millib: L. 30.6 m. br. 10.0 m. h. 4.0 m.</p> <p>" ketilshússins: L. 14.8 m. br. 6.5 m. h. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu, millibyggingu, ketilhúsi og tilheyrandi, er virt á..</p>		215.000.-
<p>b. 5 braggar: L. 14.5 m. br. 6.4 m. h. 2.5 m. (samb. 1 skáli)</p>		
<p>c. 1 braggi: L. 29.0 m. br. 6.4 m. h. 2.5 m.</p> <p>Braggarnir b og c eru byggðir á sama hátt og ofangreins hús, klædd innan með trétexi og skilrúmuð með sama efni.</p>		
Litra b, er virt á.....		38.400.-
" c, " " ".....		13.900.-
Samtals		267.300.-
<hr/>		
<u>Staflíður D er virtur 28/1/1947.</u>		
<p>Íbúðarhús, byggt úr timbri á steinsteyptan grunn, með þaki úr timbri, pappa og járni. Utan á binding er klætt pappa og borðum og múrhúðað yfir. Innan á útveggjum, skilrúmum og loftum er klætt trétexi og málað. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, steypibaðherbergi m/v.s., gangur, anddyri og miðstöðvarklefi.</p> <p>Stærð: L 9.0 m. br. 7.0 m. h. 2.8 m. ris 1.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>		56.500.-
Samtals krónur		323.800.- ✓

Gata og númer:

Langhóltsvegur, Hjarðarholt. (Fvlbl. 30)

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa og jární á veggjum og þaki. Þiljað er með panel innan á útveggja-binding og stoppað með sagspónum á milli þiljanna. Þiljað er einnig neðan á loftbita og loftin eru strigalögð. Á veggjum tveggja íbúðarherbergjanna er pappi og öll er aðalhlæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan.</p> <p>Inngönguskúr er við húsið, eins byggður og með sama frágangi eins og það, bæði hið ytra og innra. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólf, skilveggjalaus. Í húsinu eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og búr. Steinsteyputröppur eru við það.</p> <p>Stærð íbúðarhússins: L. 6.4 m. br. 5.6 m. h. 2.8 m. ris 1.0 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>" inngönguskúrs: L. 2.2 m. br. 1.3 m. h. 2.3 m. ris 0.4 m. kjh. 1.9 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	15.910.-
<p>b. Íbúðarskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Skúrinn er þiljaður innan með panelborðum og ferniseráður. Í binding er stoppað með sagspónum. Gólf er úr steinsteypu og timburgólf þar yfir.</p> <p>Stærð: L. 5.5 m. br. 3.2 m. h. 2.4 m. skáþak.</p> <p>Inngönguskúr er við íbúðarskúrinn, byggður að öllu leyti eins og hann.</p> <p>Stærð: L. 0.9 m. br. 1.4 m. h. 2.0 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virtur á.....</p>	4.460.-
<p>c. Fjós, á sömu lóð úr timbri, járnvarið, þiljað innan og neðan á loftbita og stoppað. Þar er steinsteypugólf og básar fyrir kýr með jötum og milli-gerðum úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 5.4 m. br. 3.2 m. h. 2.3 m. skáþak.</p> <p>Fjósið er virt á.....</p>	2.000.-
<p>d. Geymsluskúr, úr timbri, klæddur utan jární á langböndum, veggir og þak, þiljaður innan. Í honum er steinsteypugólf.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 2.6 m. h. 2.0 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	450.-
<p>Samtals</p>	22.820.-

Gata og númer:

Laufásvegur 12.

Möt framkvæmd: (21/1/1942.) 25/11/1949.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Það er með gluggakvisti. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, v.s. og 2 gangar. Allt þiljað, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, öll þiljuð og máluð. Kjallari með timburgólfi er undir öllu húsinu. Hann er hólfaður í sundur í 2 íbúðarherbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð, þvottaherbergi, miðstöðvarklefa, geymsluherbergi og gang.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.5 m. ris 2.2 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Viðbygging er við vesturhlíð hússins, byggð eins og það. Þar er nokkur hluti af íbúðarherbergi og eldhús, í sambandi við þessi sömu herbergi í aðal húsinu og gangur. Allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteyptugólfi er undir viðbyggingunni.</p> <p>Stærð: L. 6.0 m. br. 2.2 m. h. 3.0 m. skápak, kjh, 2,1 m.</p> <p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>28.200.-</p>
<p>b. Þurkhjallur er úr bindingi, klæddur utan með borðum, rimlum og með járnþaki á borðasúð.</p> <p>Stærð: L. 3.7 m. br. 2.2 m. h. 2.1 m. skápak.</p> <p>Hjallurinn er virtur á.....</p>	<p>595.-</p>
	<p>Samtals 28.795.-[✓]</p>
<hr/>	
<p>Virt 25/11/1949.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta máti 21. janúar 1942 að öðru en umbótum innan og hjallur rifinn.</p>	
<p>Íbúðarhús: L 6.9 m. br. 6.9 m. h. 3.5 m. ris 2.2 m. kj. 2.1 m.</p>	
<p>Viðbygg. : L 6.0 m. br. 2.2 m. h. 3.0 m. skápak. kj. 2.1 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....<u>Krónur</u> 104.300.-</p>	

Gata og númer:

Laufásvegur 15.

Möt framkvæmd: 1/5/1943.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús m/skósmíðavinnustofu, einlyft, með porti og risi, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í binding er fyllt með marhálmi. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og skápur, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 herbergi og eldhús, allt með samskonar frágangi eins og á aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 geymslur, gangur og skósmíðavinnustofa.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 5.7 m. h. 3.5 m. ris 2.1 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurgafi hússins, byggður eins og það. Þar eru 3 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 2.7 m. h. 3.1 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>38.780.-v</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 16.

Möt framkvæmd: (21/4/1931.) (12/4/1949.) 30/6/1957	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, byggt úr bindingi á 2 vegu, klætt utan 5/4" borðum, pappa, listum og járni þar yfir, en eldvarnargaflar eru norðan og sunnan. Þak er úr 5/4" borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Innan á bindingi er pappi og milli-gólf er í 2 bitalögum og steinsteypa á milli gólfanna. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, gangur, fastur skápur og opinn gangur í gegnum húsið. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., geymsluklefi og gangur. Í þaklyftinu eru 1 íbúðarherbergi, fataherbergi, 3 fastir skápar og gangur. Í kjallaranum er íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., mið-stöðvarherbergi, þvottaherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur. Allar íbúðir hússins eru þiljaðar innan með panel, strigalagðar, veggfóðraðar og málaðar. Steinsteypugólf er í kjallaranum og steinsteypuskilveggur er eftir honum endilöngum.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 8.5 m. h. 7.1 m. ris 2.4 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	40.440.-
<p>b. Viðbygging er við vesturhlíð hússins, úr efni og að frágangi til, eins og aðalhúsið, bæði að því snertir ytri og innri frágang. Í neðri hæðinni eru eldhús, gangur og 2 fastir skápar. Í efri hæðinni eru 1 íbúðarherbergi, fastur skápur og gangur.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 3.8 m. h. 6.3 m. skápak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Viðbyggingin er virt á.....</p>	3.560.-
	Samtals 44.000. ✓
=====	
Virt 12/4/1949.	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 21. apríl 1931.	
Íbúðarhús: L. 9.4 m. br. 8.5 m. h. 7.1 m. ris 2.4 m. kj. 2.3 m.	
Viðbygg. : L. 3.1 m. br. 3.8 m. h. 6.3 m. skápak. kj. 2.3 m.	
Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....krónur	
	312.900.- ✓
Virt 30/6/1957.	
Frá síðasta mati 12/4/1949, er húsið að öllu leyti óbreytt, en óskast endurmetið vegna verðhækkunar.	
Stærð hússins:	
L. 9.4 m. Br. 8.5 m. H. 7.1 m. Ris 2.4 m. Kj. 2.3 m. = 846.94 m ³	
Stærð viðbygg.:	
L. 3.1 m. Br. 3.8 m. H. 6.3 m. Ris skápak Kj. 2.3 m. = 101.34 m ³ Alls 938.25 m ³	
Húsið, með tilheyrandi, er metið á Kr.	
	806.000.00

Gata og númer:

Laufásvegur, Suðurpóll 3.

Möt framkvæmd: (1/10/1941) 18/3/1947.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr binding, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Húsið er einlyft með risi. Í því eru 4 íbúðarherbergi og 2 eldhús, allt þiljað og málað innan.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 6.9 m. h. 3.0 m. ris 1.3 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	11.420.-
<p>b. Geymsluskúr er við norðurhlíð hússins, byggður eins og það. Skúrinn er hólfaður í sundur í 4 geymslulefa.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 1.9 m. h. 2.5 m. skáþak.</p>	
Skúrinn er virtur á.....	480.-
Samtals	11.900.✓
=====	
<p>Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 1. okt. 1941, viðhald samilegt.</p>	
A. Íbúðarhús: L. 10.0 m. br. 6.9 m. h. 3.0 m. ris 1.3 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	51.000.-
B. Geymsluskúr: L. 5.0 m. br. 1.9 m. h. 2.5 m. skáþak.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	1.400.-
Samtals	52.400.-
=====	

Gata og númer:

Laufásvegur, Suðurpóll 4.

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) 18/3/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, tvílyft, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum. Í neðri hæðinni eru 10 íbúðarherbergi, 10 eldhús, í efri hæðinni eru 20 íbúðarherbergi, 10 eldhús og 5 gangar. Kjallari er undir húsinu. Í honum eru 2 íbúðarherbergi og 2 eldhús, auk 20 geymsluklefa, allt er húsið þiljað innan og málað.</p> <p>Stærð: L. 31.4 m. br. 6.3 m. h. 5.5 m. ris 0.9 m.</p> <p>Kj.st.: L. 21.0 m. br. 6.3 m. h. 2.0 m.</p> <p>5 inngönguskúr eru við norðurhlíð hússins, allir byggðir eins og húsið, bæði ytri og innna frágangi. Í hverjum þeirra eru 3 gangar og 2 geymsluklefar. Kjallari er undir 3 skúrunum.</p> <p>Stærð hvers þeirra er: L. 2.8 m. br. 3.1 m. h. 4.4 m. skápak.</p> <p>Húsið ásamt 5 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>68.986.-</p>
<p>=====</p>	
<p>Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 1. okt. 1941.</p> <p>A. Íbúðarhús: L. 31.4 m. br. 6.3 m. h. 5.5 m. ris 0.9 m.</p> <p>" Kjallari: L. 21.0 m. br. 6.3 m. h. 2.0 m.</p> <p>5 Inngönguskúrar, hver: L. 2.8 m. br. 3.1 m. h. 4.4 m. skápak.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>295.000.-</p>
<p>=====</p>	

Gata og númer: v/LAUFASVEG (nýja sendibílastöðin).

Möt framkvæmd: / 30/4/1958. 19 ₂ /10/1963.	Metið kr.
